

Dr. Aaron Doering (Háskólinn í Minnesóta) heldur fyrirlestur um ævintýranám



Dr. Aaron Doering

Á föstudaginn, 10. mars, kl. 15 heldur Dr. Aaron Doering, prófessor í [upplýsingatekni í námi og kennslu við Háskólann í Minnesóta](#), fyrirlestur um ævintýranám í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, stofu H001. Fyrirlesturinn er opin öllum.

Í meira en 10 ár hefur Aaron ferðast um heiminn og farið í um 15 ævintýraferðir ýmist á hundasleðum um norðurslóður eða gönguferðir í eyðimörkum Afríkuálfu. Í þessum ferðum er hann vel búinn tækjum sem hann notar til að útbúa og miðla efni sem kennarar geta notað til kennslu.

Í upphafi mars kom Aaron ásamt hópi doktorsnema frá Háskólanum í Minnesóta til Íslands og eru nú að ljúka gönguferð um hálendi landsins. Upplýsingar um ferðalagið ásamt kennsluefni sem hópurinn hefur útbúið er hægt að nálgast á [vef verkefnisins: The Changing Earth](#).

Fyrirlesturinn er í boði [Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun \(Rannum\)](#) og Menntamiðju.